

Hormónalyf:

Estrogen er til eitt og sér eða í samsetningu með progesteroni og þá bæði sem kaflaskipt meðferð eða samfelld. Estrogen er venjulega estradiol nema í Ovestini er estriol sem er lágvirkni estrogen

Fyrir konur sem eru ekki með leg:

LYFJAFORM	HEITI	SKAMMTAR	INNIHALD
Töflur	Estrofem Femanest	1mg,2 mg	Estradiol
Plástur	Vivelle dot	25, 37,5, 50,75 eða 100 microg/24 klst	Estradiol
Hlaup fyrir húð	Estrogel	0,75 mg í skammti (eitt slag)	Estradiol

Samsett samfelld meðferð fyrir konur með leg sem hættar eru með blæðingar (fyrir a.m.k. 6-12 mánuðum) eða verið á kaflaskiptri meðferð áður:

LYFJAFORM	HEITI	SKAMMTAR	INNIHALD
Töflur	Activelle	1mg +0.5mg	Estradiol+Noretisteron
Töflur	Kliogest Femanor	2mg+1mg	Estradiol+ Noretisteron
Töflur	Livial	2.5mg	Tibolon
Töflur (undanþágulyf)	Angeliq	1mg+2mg	Estradiol+drosipirenon

Plástur Evorel conti, Estramon conti er ekki til á Íslandi

Kaflaskipt meðferð með samsettu lyfi fyrir konur með leg sem ekki eru komnar í tíðahvörf:

LYFJAFORM	HEITI	SKAMMTAR	INNIHALD
Töflur	Novofem	1mg +1mg/12d/mán	Estradiol+Noretisteron
Töflur	Trisekvens	2mg/12d+1mg/10d +1mg/6d/mán	Estradiol+Noretisteron +Estradiol

Plástur Evorel sequi en ekki til á Íslandi

Staðbundin meðferð með estrogeni:

LYFJAFORM	HEITI	SKAMMTAR	INNIHALD
Stílar	Ovestin	0.5mg/stíl	Estrioln (í lausasölu)
Skeiðakrem	Ovestin	1mg/g	Estriol (til í lausasölu)
Skeiðapilla	Vagifem	10microg/töflu	Estradiol
Hringur	Estring	7.5microg/24klst	Estradiol

Ovestin er til í töfluformi (1mg/2mg af estrioli) og er meðferð við rýrnunareinkennum frá þvag- og kynfærum

Kaflaskipt meðferð fyrir konur með leg (eftir óskum konu eða tillögu):

Estrogen er gefið með plástri, geli eða töflu og á móti gefið progesteron (tabl.Primolut-N/Provera)10mg á dag 12-14daga í mánuði eða (caps.Utrogest) 200mg/dag í 12 daga í mánuði. Einnig er hægt að velja að gefa progesteron (tabl.Primolut-N/Provera) 10mg/dag í 14daga á 3 mánaða fresti.

Samsett samfelld meðferð í tvennu lagi fyrir konur með leg:

Meðferð sett saman af lækni og er í tvennu lagi. Þarf gott eftirlit m.t.t. meðferðarhaldni

Dæmi: Estrogen í formi töflu, plásturs eða gels og með til að vernda legslímu t.d. Mirena lykkja (sem má nota mest til 5 ára) eða Utrogest (microniserað progesteron) töflur 100mg/dag (ekki hefur verið sýnt fram á öryggi samfelldrar Utrogest meðferðar umfram 5 ár